Kvika banki á First North

Kynning fyrir markaðsaðila

15. mars 2018

Fyrirvari

Almennur fyrirvari

Allar upplýsingar sem birtar eru í kynningu þessari eru samkvæmt bestu vitund Kviku á hverjum tíma. Kvika ábyrgist á engan hátt réttmæti upplýsinganna sem birtar eru í kynningu þessari, hvort sem þær koma frá Kviku eða þriðja aðila.

Upplýsingar sem birtar eru í kynningunni skulu ekki á nokkurn hátt skoðast sem ráðleggingar um kaup eða sölu tiltekinna fjármálagerninga eða aðrar fjárfestinga-ákvarðanir. Bera viðtakendur einir ábyrgð á þeim fjárfestingaákvörðunum sem teknar eru á grundvelli upplýsinga sem birtar eru í kynningu þessari. Kvika ber ekki í neinum tilvikum ábyrgð á tjóni sem kann að hljótast af upplýsingum sem birtar eru í kynningu þessari né tjóni sem rekja má beint eða óbeint til notkunar þeirra. Kvika er ekki skuld-bundinn til að uppfæra kynningu þessa, veita frekari upplýsingar eða leiðrétta villur sem kunna að koma í ljós.

Kvika á höfundarrétt á öllum þeim upplýsingum sem fram koma í kynningunni, nema annað sé sérstaklega tekið fram eða leiða megi af eðli máls. Skriflegt samþykki Kviku þarf til að endurbirta upplýsingar sem fram koma í kynningunni, dreifa þeim eða afrita þær. Ekki skiptir máli hvers eðlis þær upplýsingar eru né í hvaða tilgangi ætlunin er að endurbirta þær, afrita þær eða dreifa þeim. Með móttöku þessarar kynningar fellst viðtakandi á framangreindan ábyrgðarfyrirvara.

Um Kviku

Eignarhald og skipulag

Öflugt stjórnendateymi og gagnsætt eignarhald

Skipurit



Eignarhald

Hluthafi (1)	Hlutur (%)
Vátryggingafélag Íslands hf.	23,3%
RES II ehf.	9,2%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	8,9%
K2B fjárfestingar	7,4%
Mízar ehf.	6,1%
Brimgarðar ehf.	4,7%
Feier ehf.	3,1%
Sindrandi ehf.	2,5%
Lífsverk lífeyrissjóður	2,2%
P 126 ehf.	2,2%
Aðrir	30,4%

- Heildarhlutafé 1.835.017.630 kr.
  - *Útgefin áskriftarréttindi nema um 694 m.kr. að nafnvirði*
- Mikil viðskipti með hlutabréf bankans undanfarið ár endurspeglast í breytingum á hluthafahóp
- Fjöldi hluthafa er 120

(1) Hluthafalisti Kviku banka hf. 6. mars 2018

Fjármálaþjónusta á fjórum sviðum

Skýrar áherslur

Eignastýring

- 28 starfsmenn [1)]
- 263 ma. kr. í stýringu (að sjóðum meðtöldum)
- Einn af stærstu aðilum á eignastýringarmarkaði
- Fjölbreytt úrval sjóða og annarra fjárfestingakosta

Fyrirtækjaráðgjöf

- 11 starfsmenn
- Þrjár af umsvifamestu fyrirtækjaráðgjöfum á markaðnum sameinaðar
- Hefur komið að mörgum af stærstu verkefnum tengdum íslenskum fjárfestum á undanförnum árum

Fyrirtækjasvið

- 10 starfsmenn
- Þjónustar viðskiptavini bankans með hagstæðum innlánsvöxtum og lausnamiðaðri fjármögnun
- Miðlun útlána til sjóða rekstrarfélaga, lífeyrissjóða og annarra fjárfesta

Markaðsviðskipti

- 11 starfsmenn
- Miðlun og fjármögnun verðbréfa
- Miðlun gjaldeyris og afleiðna
- Góð hlutdeild í veltu á innlendum verðbréfamarkaði

1) Til eignastýringar telst eignastýring móðurfélags og rekstrarfélaganna Júpíter og Öldu

Samkeppnisumhverfið

Kvika nýtur sérstakrar stöðu á markaði

- Stórir viðskiptabankar
- Almenn einstaklings – og fyrirtækjaþjónusta
- Útibúanet
- Áhersla á viðskiptabankastarfsemi
- Alhliða fjárfestingabankastarfsemi

Starfsmenn	997 – 1.284
AuM	300 – 985 ma. kr.
Innlán	462 – 605 ma. kr.
Útlán	755 – 925 ma. kr.

- Viðskiptabankaleyfi
- Sterkur aðili á þeim sviðum sem bankinn starfar
  - *Eignastýring*
  - *Fyrirtækjaráðgjöf*
  - *Sérbankaþjónusta*
  - *Markaðsviðskipti*

Starfsmenn	107
AuM	263 ma. kr.
Innlán	42 ma. kr.
Útlán	25 ma. kr.

- Starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki eða rekstrarfélög sjóða
- Sérhæfð fjármálafyrirtæki
- Þjónusta á afmörkuðum sviðum eignastýringar, verðbréfaviðskipta og/eða ráðgjafar

Starfsmenn	<40
AuM	0-140 ma. kr.
Innlán	0 ma. kr.
Útlán	0 ma. kr.

Fyrirvari: Tölulegar upplýsingar eru á samstæðugrunni og byggja ársreikningi fyrir árið 2017. Þar sem tölulegar upplýsingar um samkeppnisaðila eru ekki fáanlegar er lagt sjálfstætt mat á stærðir miðað við nýjust gögn og þær eru því ekki nákvæmar.

Helstu atburðir undanfarins árs



Samlegðaráhrif

Sameiningar undanfarinna ára skila verulegri lækkun kostnaðar

2012		2013		2014		2015		2016		2017	
MP banki	125	MP banki	117	MP banki	75	Kvika	86	Kvika	86	Kvika	107
Straumur	35	Straumur	32	Straumur	33						
Virðing	19	Virðing	27	Virðing	37	Virðing	38	Virðing	37		
Auður	30										
Alda	1	Alda	3	Alda	4	Alda	4	Alda	5		
Starfsmenn	210	Starfsmenn	179	Starfsmenn	149	Starfsmenn	128	Starfsmenn	128	Starfsmenn	107

- Leiðandi afl í hagræðingu á fjármálamarkaði
- Sameiningar undanfarinna ára hafa skilað verulegum samlegðaráhrifum sem koma fram í lækkun rekstrargjalda
  - *Enn meiri ef litið er til verðlagsáhrifa*
- Fjöldi starfsmanna 107 í árslok 2017 samanborið við 210 í árslok árið 2012 hjá fjármálafyrirækjum sem hafa sameinast undir merkjum Kviku



Samanlagður rekstrarkostnaður og fjöldi starfsmanna í árslok hjá Kviku og félögum sem hafa runnið inn í samstæðu Kviku

KVIKA

Afkoma 2017

Rekstur 2017

Hagnaður af reglulegri starfsemi tæpir tveir milljarðar

- Virðing kemur inn í rekstrartölur á síðasta fjórðungi ársins og Alda sjóðir 1. nóvember 2017
- Hagnaður eftir skatta 1.591 m.kr.
- Afkoma grunnrekstrar 1.919 m.kr.
  - *Leiðrétt fyrir einskiptisliðum vegna samruna og skipulagsbreytinga*
  - *Arðsemi eiginfjár af grunnrekstri 24,9%*
- Hreinar rekstrartekjur 5.009 m.kr.
- Hreinar vaxtatekjur 1.563 m.kr.
  - *Aukast um 47% á milli ára*
- Hreinar þóknanatekjur 2.812 m.kr
  - *Vergar þóknanatekjur 3.033 m.kr aukast um rúm 5%*
- Fjárfestingatekjur 547 m.kr.
  - *Vægi fjárfestingartekna minna í rekstri bankans*
- Rekstrarkostnaður 3.670 m.kr.
  - *Eykst um 14% aðallega vegna einskiptisliða í tengslum við samruna og skipulagsbreytingar*

Samandreginn rekstrarreikningur

í milljónum króna	*2017*	*2016*
Hreinar vaxtatekjur	1.563	1.064
Hreinar þóknanatekjur	2.812	2.840
Fjárfestingatekjur	547	1.283
Hlutdeildartekjur	64	149
Aðrar tekjur	23	-18
Hreinar rekstrartekjur	***5.009***	***5.318***
Rekstrarkostnaður	(3.670)	(3.219)
Virðisrýrnun útlána	(14)	(226)
Hagnaður af söluhæfum eignum	0	(3)
Virðisbreyting fjárfestingareigna	92	0
Hagnaður fyrir skatta	***1.418***	***1.869***
Skattar		
Tekjuskattur	249	95
Sérstakir skattar á banka [1)]	(75)	(9)
Hagnaður eftir skatta	***1.591***	***1.955***
Leiðrétting vegna einskiptisliða		
Samrunakostnaður	328	-
Leiðrétt afkoma eftir skatta	***1.919***	***1.955***

1) Sérstakur fjársýsluskattur og sérstakur skattur á skuldir fjármálafyrirtækja

Efnahagur 31. desember 2017

Sterkur og skýr efnahagur

- Heildareignir 75,6 ma.kr., aukast um 27%
- Handbært fé 20,0 ma.kr., eykst samhliða aukningu í innlánum og útgáfu skuldabréfa
- Verðbréfaeign bankans 8,4 ma.kr. og jókst um 19%
  - *Skýrist aðallega af aukningu í skráðum skuldabréfum og ríkisvíxlum*
- Útlán til viðskiptavina 25,3 ma. kr. og minnka lítillega
- Helsta breyting á óefnislegum eignum á milli ára er vegna kaupa á Virðingu hf. og Öldu sjóðum hf.
- Innlán 41,7 ma.kr. og aukast um 29%
- Lántökur námu 13,7 ma.kr. og breyttust lítið á milli ára
- Eigið fé 11,0 m.kr. og eykst um 48%
- Eiginfjárhlutfall er 21,1% samanborið við 20,6% í lok árs 2016

Samandreginn efnahagur

m.kr.	*31.12.2017*	*31.12.2016*
Handbært fé	19.986	12.033
Krafa á Seðlabanka Íslands	508	0
Verðbréf	8.436	7.100
Verðbréf til áhættuvarnar	14.026	12.389
Útlán	25.338	26.015
Óefnislegar eignir	2.749	231
Afleiður	1.053	552
Hlutdeildarfélög	677	127
Aðrir eignaliðir	2.824	1.115
Eignir samtals	***75.597***	***59.563***
Innlán	41.749	32.479
Lántökur	13.731	13.499
Skuldabréf	1.402	0
Víxlar	3.935	3.923
Víkjandi skuldabréf	1.059	572
Skortstöður	370	80
Afleiður	365	499
Aðrir skuldaliðir	2.003	1.115
Skuldir samtals	***64.614***	***52.166***
Eigið fé samtals	***10.982***	***7.397***

Traust eiginfjárstaða

Eiginfjárhlutfall umfram vænta eiginfjárauka

- Eiginfjárhlutfall 21,1% í lok árs 2017
  - *Vel umfram 14,5% eiginfjárkröfu eftirlitsaðila*
  - *Eiginfjárkrafa með eiginfjáraukum 20,25% frá 1.1.2018*
- Markmið bankans er að eiginfjárhlutfall verði hærra en eiginfjárkrafa með eiginfjáraukum sem verða að fullu innleiddir 2019
- Í maí 2017 var víkjandi skuldabréfaútgáfa bankans KVB 15 01 aukin í 1.000 m.kr.
- Eiginfjárgrunnur 8.854 m.kr. (45%) umfram SREP eiginfjárkröfu

Þróun eiginfjárhlutfalls *(1)*



(1) Grunnur í útreikningi á hlutfallslegri breytingu er staða í lok árs 2016

Einfaldur og sveigjanlegur efnahagur

Lausafjáreignir 98% af innlánum



- 35% eigna bankans eru innstæður og verðbréf með ríkisábyrgð
- Samtals eru lausafjáreignir 54% af eignum
  - *98% af öllum innlánum*
  - *123% af óbundnum innlánum*
- Útlán nær óbreytt á milli ára og veginn líftími útlánasafns er 1,14 ár

- Lausafjárþekja (LCR) 215% í árslok
- Innlán jukust um 29% á árinu
  - *48% af innlánum og annarri lántöku eru bundin*
- Útgáfa skuldabréfa aukin á árinu
  - *Nýtt þriggja ára óveðtryggt skuldabréf 1 ma.kr.*
  - *Víkjandi útgáfa aukin í 1 ma. kr.*
  - *Útgáfa tveggja ára samsetts skuldabréfs 0,4 ma.kr.*

KVIKA

Horfur 2018

Áætluð afkoma 2018

Sterkur grunnrekstur

Áætlun fyrir árið 2018

- Gert er ráð fyrir að afkoma ársins 2018 eftir skatta verði 1.675 m.kr.
- Rekstrartekjur áætlaðar 6.055 m.kr.
- Rekstrargjöld áætluð 3.915 m.kr.
- Arðsemi eigin fjár eftir skatta áætluð 16,6%
  - *Lækkun milli ára skýrist að mestu af mun á afskriftum 2017 og áætluðu framlagi í afskriftareikning 2018 og sköttum*

Sterkari eining eftir sameiningar

- Sameiningar á síðasta ári stuðluðu að betri nýtingu á innviðum bankans og styrktu mannauð
- Eignir í stýringu jukust um 117%
- Starfsmönnum fjölgaði um 21
  - *Fjölgun í tekjuskapandi einingum*
- Hlutfall starfsmanna á tekjusviðum er nú 62%[1)]

1) Á öðrum sviðum eru sex stöðugildi metin sem hluti af tekjusviðum en ekki starfsmannafjölda að ofan

Hagnaður e. skatta (m.kr.)



Arðsemi eigin fjár



Starfsmenn



Eignir í stýringu (ma.kr.)



Samsetning rekstrartekna

Þóknanatekjur fá aukið vægi

- Áætlaðar tekjur aukast um 21% á milli ára
  - *Virðing og Alda sjóðir inni í rekstrartölum allt árið*
- Vægi eignastýringar eykst og er tæplega þriðjungur af hreinum rekstrartekjum
- Áætlun 2018 er hófleg hvað varðar fjárfestingatekjur, árangurstengdar þóknanir og aðrar sveiflukenndar tekjur
  - *Vægi fjárfestingatekna mun lægra í áætlun fyrir 2018 en fjárfestingatekjur 2017*
- Aukin áhersla á starfsemi sem nýtir lítið eigið fé

Rekstrartekjur (m.kr.)





Eignastýring ***Fyrirtækjasvið*** ***Markaðsviðskipti*** ***Fyrirtækjaráðgjöf*** ***Önnur svið***

Á skýringarmynd um sundurgreiningu rekstrartekna einstakra sviða sjást ekki lægstu tölur einstakra tekjuliða en sem nemur samtals um 25 m.kr. Nánari sundurliðun má sjá í skýringu 61 í ársreikningi fyrir árið 2017.

Áherslur 2018

- Styrking erlendrar miðlunar
- Vöruþróun og aukning eigna í stýringu
- Nýjungar í fjármögnun bankans
- Öflug fyrirtækjaráðgjöf

  Miðstöð umbreytinga
- Uppbygging í London
- Sterkari efnahagsgreining
- Fjárfesting í innviðum
- Viðhalda samlegð sem náðst hefur